

Föstudaginn 15. apríl 1988.

Nr. 94/1986.

Vilhelm Ingólfsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Unu Sveinsdóttur

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningar. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1986. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess að kröfur stefndu verði lækk-
aðar verulega og málskostnaður í héraði felldur niður. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega greiðslu á 107.746,00 krónum með drátt-
arvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð þannig: 3,75% af 23.234,00
krónum frá 10. febrúar 1985 til 10. mars s.á., 4% af 47.756,00
krónum frá þeim degi til 10. apríl s.á., 4% af 74.002,00 krónum
frá þeim degi til 10. maí s.á., 4% af 100.728,00 krónum frá þeim
degi til 1. júní s.á., 3,5% af sömu fjárhæð til 10. s.m., 3,5% af
107.746,00 krónum frá þeim degi til 1. september s.á. og 3,75%
frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á.,
2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 6.
maí 1987, en síðan með ársvöxtum þannig: 30% til 1. júní s.á.,
33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst
s.á., 40,8% til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október
s.á. og 43,2% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnda máls-
kostnaðar fyrir Hæstarétti og staðfestingar á málskostnaðarákvæði
héraðsdóms. Til vara krefst stefnda greiðslu á 47.756,00 krónum
með dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð þannig: 3,75% af
23.234,00 krónum frá 10. febrúar 1985 til 10. mars s.á., 4% af
krónum 47.756,00 frá þeim degi til 1. júní s.á., og síðan verði vextir
reiknaðir með sama vaxtafæti og á þann hátt er segir í aðalkröfu.
Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsaðila greinir ekki á um þann tíma er kröfur stefndu taka til né heldur er tölulegur ágreiningur um þær að öðru leyti. Áfrýjandi hefur mótmælt kröfu um dráttarvexti. Á þau mótmæli verður ekki fallist, en vextir verða tilteknir sem árlegir dráttarvextir eins og í dómsorði greinir. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjanda dóms ber að öðru leyti að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 40.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Vilhelm Ingólfsson, greiði stefndu, Unu Sveinsdóttur, 107.746,00 krónur með 45% ársvöxtum af 23.234,00 krónum frá 15. febrúar 1985 til 10. mars s.á., 48% ársvöxtum af 47.756,00 krónum frá þeim degi til 10. apríl s.á., 48% ársvöxtum af 74.002,00 krónum frá þeim degi til 10. maí s.á., 48% ársvöxtum af 100.728,00 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á. og 42% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 10. júní s.á. og síðan með ársvöxtum af 107.746,00 krónum þannig: 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á. og 43,2% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 40.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 23. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með stefnu birtri 15. maí sl. af Unu Sveinsdóttur hárskerasveini, nnr. 8984-5912, Valshólum 2, Reykjavík, á hendur Vilhelm Ingólfssyni hárskerameistara, nnr. 9290-3540, Engihjalla 25, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru:

Aðalkrafa: Að stefndi, Vilhelm Ingólfsson, verði dæmdur til að greiða stefnanda, Unu Sveinsdóttur, skaðabætur að fjárhæð 107.746,00 kr. með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 23.234,00 kr. frá 10. febrúar 1985 til 10. mars 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 47.756,00 kr. til 10. apríl 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 74.002,00 kr. til 10. maí 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af sömu fjárhæð til 10. júní 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 107.746,00 kr. til 1. september 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 107.746,00 kr. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, dskj. nr. 13.

Varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 47.756,00 kr. með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 23.234,00 kr. frá 10. febrúar 1985 til 10. mars 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 47.756,00 kr. til 1. júní 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af sömu fjárhæð til 1. september 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning.

Dómkröfur stefnda eru:

Aðallega að stefndi verði alfarið sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til vara er krafist að stefnufjárhæðin verði lækkuð mjög verulega og að dæmt verði að hvor aðilinn skuli bera sinn hluta af málskostnaði.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi hóf störf hjá stefnda hinn 17. september 1984 sem hárskera-sveinn. Stefndi sagði stefnanda fyrirvaralaust upp starfi hinn 5. janúar 1985. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að uppsögnin hafi verið til-efnislaus og ólögmet. Hin raunverulega ástæða uppsagnarinnar hafi verið sú að stefnandi gekk með barni og átti von á sér hinn 22. maí 1985. Af hálfu stefnda er því mótmælt að uppsögnin hafi verið ólögmet. Á því er byggt að stefnandi hafi ítrekað brotið fyrirmæli um vinnutilhögun og starfsskyldur. Stefndi hafi ítrekað áminnt stefnanda, en hún hafi ekki sinnt áminningum og leiðbeiningum.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á þeirri málsástæðu að uppsögnin hafi verið ólögmat og baki því stefnda skaðabótaskyldu. Engar ástæður hafi verið fyrir hendi sem réttlættu fyrirvaralaus uppsögn.

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð að þar eð stefnandi hafi verið barnshafandi hafi verið óheimilt að segja henni upp störfum nema gildar og knýjandi ástæður hafi verið fyrir hendi, skv. 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 97/1980. Með gildistöku laga nr. 97/1980 hafi barnshafandi konu verið veittur meiri réttur á vinnumarkaði en öðru launafólki hvað varðar uppsögn. Með knýjandi ástæðum er hér átt við lokun fyrirtækis, flutning þess í annað byggðarlag eða gjaldþrot. Slikum ástæðum hafi ekki verið til að dreifa í máli þessu og sé því stefnda skylt að greiða stefnanda skaðabætur er nemi þeim launum sem hún missti frá þeim tíma að uppsögnin tók gildi til þess tíma að hún eignaðist rétt á töku á fæðingarorlofs-greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins, skv. 16. gr. laga nr. 67/1971.

Varakrafan er studd þeim rökum að það sé meginregla í íslenskum vinnurétti að starfsmanni verði ekki sagt upp störfum nema með lögmatum uppsagnarfresti. Reglur um uppsagnarfrest hjá almennu launafólki sé að finna í lögum nr. 19/1979 og í kjarasamningum. Í þessu máli beri að leggja samning Félags hárgreiðslu- og hárskerasveina við Meistarafélag hárskera til grundvallar í lögskiptum aðila. Þeirri málsástæðu hafi ekki verið hreyft af stefnda að þegar uppsögn átti sér stað hafi samningurinn verið laus, enda hafi hann verið í gildi þegar stefndi réð stefnanda til starfa.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að forsendur hafi verið til þess að rifta ráðningarsamningnum. Undir vissum kringumstæðum getur fyrirvaralaus uppsögn úr starfi talist lögmat. En til þess að svo megi verða þá þurfa sakir starfsmanns að vera miklar og viðkomandi starfsmaður verður að hafa fengið aðvörun um að tiltekin háttsemi geti leitt til brottrekstrar úr starfi. Skilyrðum þessum hafi ekki verið fullnægt. Stefnandi telur sig hvorki ítrekað hafa brotið starfsfyrirmæli né fengið ítrekaðar áminningar. Af því leiðir að verði ekki fallist á aðalkröfuna þá telur stefnandi að henni beri skaðabætur sem samsvari launum tímabilið 6. janúar 1985 til febrúarloka 1985, en stefnandi hafði áunnið sér eins mánaðar uppsagnarfrest frá og með 1. febrúar 1985.

Við aðilayfirheyrslu hélt stefnandi því fram að hún hefði aldrei fengið starfsfyrirmæli. Hún mótmælti því að henni hefði verið bannað að klippa menn með hártoppa. Hún kvaðst aðeins einu sinni hafa sætt aðfinnslum frá stefnda, 7. desember 1984. Hefði stefndi fundið að því hversu mikið hún notaði síma og væri fjarverandi. Stefnandi kvaðst hafa fengið frá hluta úr tveim dögum þar áður. Stefndi hafi beðist afsökunar á framkomu sinni símleiðis kvöldið 8. desember 1984. Síðan hafi ekki verið minnst á þetta. Stefnandi kvaðst fyrst hafa heyrt um kvartanir viðskiptavina vegna starfa

hennar og fjárútláta stefnda af sömu ástæðu hinn 5. janúar 1985 þegar hann sagði henni upp störfum.

Stefnandi kvaðst ekki hafa ráðið sig í annað starf eftir að hún lét af störfum hjá stefnda. Stefnandi kvaðst hafa fylgst með auglýsingum í blöðum, en lítið sé að gera í þessari starfsgrein í janúarmánuði. Eftir þann tíma hafi hún talið útilokað að nokkur vildi ráða hana í vinnu þar sem hún var langt gengin með barnið. Stefnandi ól barnið 27. maí 1985.

Í málflytningi krafðist stefnandi málflytningsspóknunar, skv. 5. gr. C-lið gjaldskrár LMFÍ. Stefnandi studdi kröfu sína þeim rökum að úrlausn þessa máls hefði fordæmisgildi og ekki hefði áður reynt á þetta lagaákvæði.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan studd þeim rökum að sannað sé að stefnandi hafi ítrekað brotið starfsfyrirmæli. Stefndi hafi ítrekað alvarlega áminnt stefnanda og látið að því liggja að ráðningarsamningi yrði rift ef svo héldi áfram. Riftun hafi því verið réttmæt og brottvikningin 5. janúar 1985 lögmæt.

Af hálfu stefnda er aðalkröfu stefnanda mótmælt, þ.e. að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp starfi. Á því er byggt að skilja beri ákvæði 9. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga sbr. lög nr. 97/1980 á þá leið að hún leggi þá skyldu á herðar atvinnuveitanda að tilgreina ástæður uppsagnar gagnvart barnshafandi konu. Hér sé um það frávik frá meginreglunni að ræða að atvinnuveitanda sé óskyldt að tilgreina ástæður uppsagnar. Honum beri einungis að virða lögboðinn eða samningsbundinn uppsagnarfrest. Ákvæði 9. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga veiti ekki barnshafandi konu lengri uppsagnarfrest en almennt gerist á vinnumarkaðnum.

Þá er því mótmælt að ástæður brottvikningarinnar megi rekja til þess að stefnandi hafi verið barnshafandi, enda hafi ekkert komið fram í málflytningi stefnanda er renni stöðum undir þá fullyrðingu.

Varakröfu stefnanda er mótmælt og á því byggt að lögmætar forsendur hafi legið til grundvallar fyrirvaralausrar uppsagnar. Stefnandi hafi gerst sekur um alvarlegar ávirðingar í starfi sem ollu stefnda fjárhagslegu tjóni.

Stefndi hafi ítrekað fundið að störfum stefnanda og tilkynnt henni að ráðningarsamningnum yrði rift fyrirvaralaust ef svo héldi áfram.

Verði eigi fallist á að skilyrði hafi verið til fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi þá er á því byggt að lögmætar ástæður hafi verið til uppsagnar. Bótakrafa stefnanda geti aldrei orðið hærrí en nemi þeim launum sem hún hefði fengið frá 6. janúar 1985 til febrúarloka sama ár. Viðurkennt er að varakrafa stefnanda sé í samræmi við gildandi rétt. Þá er krafist lækkunar á bótakröfum á þeirri forsendu að stefnandi gerði ekkert til þess að takmarka tjón sitt, sem henni sé þó skylt.

Í aðilayfirheyrslu hélt stefndi því fram að hann hefði áminnt stefnanda

vegna misnotkunar á síma 20. nóvember 1984. Aftur í byrjun desember vegna þess sama og þá í viðurvist votta. Ennfremur kvaðst hann hafa áminnt stefnanda vegna þess að hún væri þaulsetin á kaffistofunni. Að lokum kvaðst stefndi hafa sagt stefnanda frá kvörtunum viðskiptavina tvisvar í desember sem hún á að hafa klippt. Hafi hann þá áminnt hana og ítrekað að henni væri óheimilt að klippa menn með hártoppa. Þegar þriðji viðskiptavinur hafi kvartað, föstudaginn 4. janúar sl., vegna klippingar og eyðileggingar á hártoppi, sem stefndi heldur fram að rekja megi til verka stefnanda, þá taldi hann forsendur brostnar fyrir ráðningarsamningi við stefnanda, einkum þegar viðbrögð hennar hafi verið þau, laugardaginn 5. janúar sl., að sjálfsagt væri að hún fengi enn eitt tækifæri til þess að bæta sitt ráð.

Ávirðingar stefnanda í starfi hafi verið forsenda uppsagnarinnar, en ekki sú staðreynd að hún hafi verið barnshafandi.

Að tilstuðlan stefnda komu eftirtalin vitni fyrir dóm: Anna Guðrún Jónsdóttir hárgreiðslukona, Lilja Guðmundsdóttir rakaranemi og Ágústa Katrín Jónsdóttir hárgreiðslunemi. Vitnin störfuðu á stofu stefnda á þeim tíma þegar stefnanda var sagt upp störfum. Framburði vitnanna bar saman um það að stefnandi hafi rækt störf sin vel. Vitnin staðfestu ekki framburð stefnda að stefnandi hafi setið lengur í kaffistofu en henni var heimilt eða hafi notað síma stofunnar meira en góðu hófi gegndi. Að mati vitnanna var hegðun stefnanda ekki frábrugðin hegðun annarra starfsmanna stofunnar. Á hinn bóginn staðfestu vitnin þá fullyrðingu stefnanda að í fyrstu viku af desember 1984 hafi framkoma stefnda í garð stefnanda breyst. Hann hafi orðið kuldalegur og aðfinnslusamur í garð stefnanda og henni hafi ekki leyft það sem öðru starfsfólki leyfðist. Vitnið Anna Guðrún Jónsdóttir skýrði frá því að stefndi hafi sagt sér í desember að hann hefði í hyggju að fækka um einn starfsmann hjá sér. Vitnið Ágústa Katrín Jónsdóttir skýrði frá því að of margt starfsfólk hefði verið á stofunni að þess mati og rétt hefði verið að fækka því sökum verkefnaleysis.

Vitnið Lilja Guðmundsdóttir starfaði með stefnanda sem rakaranemi. Vitnið mótmælti þeim framburði stefnda að því og stefnanda hafi verið stranglega bannað að klippa menn með hártoppa. Vitnið segir stefnda jafnvel hafa hrósað þeim fyrir dugnaðinn þegar þær sögðu honum frá því að þær hefðu klippt menn með hártoppa.

Af hálfu stefnda var málskostnaðarreikningi stefnanda mótmælt. Stefndi hélt því fram í málf lutningi að óheimilt væri að reikna málskostnað af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Ennfremur var því mótmælt að grunn gjald málf lutningsþóknunar fari eftir C-lið 5. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

Niðurstæða.

Um það er ekki deilt að samningur Félags hárgreiðslu- og hárskerasveina við Meistarafélag hárskera verði lagður til grundvallar í lögskiptum aðila. Samkvæmt 12.1 grein samningsins á stefnandi rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Samkvæmt 7.5 grein samningsins skal fæðingarorlof fara eftir lögum nr. 97 frá 29.12. 1980, sem fela í sér breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum. Samkvæmt 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971 sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980 segir að óheimilt sé að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi.

Fallist verður á það með stefnanda að með gildistöku 1. gr. laga nr. 97/1980 var réttur vinnuveitanda til þess að segja þungaðri konu upp starfi þrengdur.

Til þess að uppsögn geti talist lögmæt gagnvart þungaðri konu þurfa gildar og knýjandi ástæður að vera fyrir hendi. Ákvæði 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980, þykja þó eigi koma í veg fyrir að unnt sé að víkja þungaðri konu fyrirvaralaust úr starfi að fullnægðum lögmæltum skilyrðum.

Stefnda hefur ekki, gegn mótmælum stefnanda, tekist að sanna nein tiltekin atvik í sambandi við starf hennar hjá honum í nóvember og desember 1984 og þar til hann vék henni fyrirvaralaust úr starfi 5. janúar 1985, sem beri það með sér að hún hafi gert sig seka um vítaverð brot á starfsfyrirmælum með þeim afleiðingum að stefndi hafi orðið fyrir alvarlegu tjóni. Stefndi hefur heldur ekki sannað gegn mótmælum stefnanda að hann hafi á þeim tíma fundið að við hana og hótad henni brottrekstri ef hún bætti ekki ráð sitt, að einu skipti undanteknu, þ.e. 7. desember 1984. Þá fann stefndi að því að stefnandi notaði síma stofunnar meira en góðu hófi gegndi. Ennfremur fann stefndi að því við stefnanda að hún væri mikið fjarverandi, en hún hafði fengið frí hluta úr tveimur dögum þar áður. Því er haldið fram af stefnanda að stefndi hafi beðist afsökunar á framkomu sinni næsta dag.

Af þessu leiðir að ekki þykja skilyrði til riftunar á ráðningarsamningi stefnanda hjá stefnda.

Þá þykir stefndi ekki hafa sannað að forsendur uppsagnar stefnanda úr starfi hafi verið gildar og knýjandi. Þegar svo stendur á og þar sem stefnandi var barnshafandi og stefnda var kunnugt um það þegar hann sagði stefnanda upp starfi þykir stefndi ekki hafa gætt ákvæða 9. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 97/1980, við uppsögn stefnanda úr starfi.

Af því leiðir að stefnandi þykir eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna ólögmætrar uppsagnar úr starfi frá þeim tíma er henni var sagt upp starfi fram til þess tíma að hún eignaðist rétt á töku fæðingarorlofs.

Reikningur stefnanda sem aðalkrafa hennar byggist á, dskj. nr. 1 sbr. dskj. nr. 12, hefur ekki sætt tölulegum andmælum. Eðli málsins samkvæmt þykir ekki unnt að gera jafn strangar kröfur til barnshafandi kvenna og annarra starfsmanna um að þær takmarki tjón sitt með því að ráða sig á ný til starfa. Þykir því rétt að stefndi greiði stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 107.746,00, með þeim vöxtum sem greinir í dskj. nr. 12.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað er eftir öllum atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00. Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vilhelm Ingólfsson, greiði stefnanda, Unu Sveinsdóttur, kr. 107.746,00 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 23.234,00 kr. frá 10. febrúar 1985 til 10. mars 1985, en frá þeim degi með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 47.756,00 kr. til 10. apríl 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 74.002,00 kr. til 10. maí 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 100.728,00 kr. til 1. júní 1985, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af sömu fjárhæð til 10. júní 1985, en frá þeim degi með sömu dráttarvöxtum af 107.746,00 kr. til 1. september, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 107.746,00 kr. til greiðsludags og 30.000,00 kr. í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
